



**Umhverfis og samgöngunefnd
Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík**

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 27. feb. 2024

Frumvarp til laga um loftslagsmál (aukinn metnaður og gagnsæi) 21. Mál

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og styður þau heilshugar en stjórn Landverndar studdi einnig frumvarpið þegar það var lagt fram áður á 152. löggjafarþingi.

Segja má að Ísland sé um tveimur áratugum á eftir mörgum grannþjóðum í aðgerðum í loftslagsmálum. Á meðan þær byggðu upp stjórnsýslu, meðvitund og almenningsvilja í loftslagsmálum og drógu markvisst úr losun, gerðu Íslendingar lítið annað en að auka sína losun. Aðgerðaáætlunin 2018 var skýr viðsnúningur frá þessu stefnuleysi en betur má ef duga skal. Aðeins 6 ár eru til stefnu til að ná markmiðinu árið 2030 um 55% samdrátt (með ESB og Noregi) eins og ríkisstjórnin hefur samþykkt, eða 70% minni losun eins og lagt er til í frumvarpinu. Tími til aðgerða er stuttur vegna þess að við hófum mun seinna en nágrannar okkar að sinna þessum málaflokki. Af þessum ástæðum þurfa aðgerðir okkar að vera mun beittari, samstilltari og ákveðnari. Skýr lagarammi er grundvallarforsenda fyrir þessu, og frumvarpið, verði það samþykkt, mun auka líkurnar á því að markmið um samdrátt í losun náist.

Mjög mikilvægt er að lögfesta markmið um samdrátt. Með því sýnir þingið að íslenska ríkinu sé alvara með yfirlýstum markmiðum sínum en með því aukast einnig líkur á að markmiðin lifi af stjórnarskipti og möguleikar almennings til aðhalds ef stjórnvöld standa ekki við markmiðin. Ef umhverfis- og samgöngunefnd fellst ekki á það metnaðarfulla markmið sem hér er sett fram um 70% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda ætti hún hið minnsta að leggja til að Alþingi lögfesti yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um 55% samdrátt eða þá til þrautarvara hlutdeild Íslands í 55% samdrætti með ESB og Noregi. Áriðandi er að breytingar sem varða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum nái fram að ganga þannig að stjórnvöld séu skyldug til þess að leggja fram öll gögn sem liggja til grundvallar áætluninni en þessu hefur verið ábótavant hingað til. Aðhald og skynsamleg umræða er ekki möguleg ef gögn um forsendur og mat á áhrifum aðgerða eru ekki aðgengilegar.

Stjórn Landverndar hvetur umhverfis- og samgöngunefnd til þess að veita frumvarpi þessu brautargengi.

Með vinsemd og virðingu, fyrir hönd stjórnar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir